



Jafnréttismál lögreglunnar árið 2015

1. Formáli


Í þessari samantekt er farið yfir **stöðu jafnréttismála** lögreglunnar fyrir árið **2015** og þau verkefni sem jafnréttisfulltrúi lögreglunnar ásamt jafnréttisnefnd lögreglunnar og jafnréttisfulltrúum embættanna komu að. Líkt og áður átti jafnréttisfulltrúi lögreglunnar í góðri samvinnu við jafnréttisfulltrúa embættanna¹ og eins var hann í góðri samvinnu við Jafnréttisstofu, innanríkisráðuneytið og kynjafræði Háskóla Íslands.

2. Kynjabókhald lögreglunnar

Þann 1. febrúar 2015 voru 712 lögreglumenn, þ.m.t. héraðslögreglumenn og afleysingamenn, starfandi í lögreglunni, þar af voru 102 konur, eða 14,3%. Fjöldi borgaralegra starfsmanna var 201 eða 134 konur og 67 karlar (tafla 3).

¹ Sjá nánar í viðauka I.

Hlutfall lögreglumanna², kyngreint, árin 2011-2015 er að finna á mynd 1. **Lítill breyting** er á hlutfalli kvenna milli ára og hlutur kvenna hefur nánast staðið í stað en árið 2015 varð aukning og hlutfall kvenna náði þá upp í 15%.



Mynd 1. Fjöldi lögreglumanna 2011-2015, kyngreint, miðað við stöðuna 1.febrúar.


² Héraðs- og afleysingamenn ekki taldir með.

Fjöldi starfandi lögreglumanna þann 1. febrúar 2015, greint eftir kyni og starfsstigi, má finna í töflu 1. Af 46 yfir- og aðstoðaryfirlögrylupjónum voru **tvær konur**, en þær gegna stöðu aðstoðaryfirlögrylupjóns. Af 38 aðalvarðstjórum voru tvær konur starfandi, eða 5,3%, og af 131 varðstjórum voru 7 konur, eða 5,3%. Hlutfall kvenna var **mest meðal lögreglumanna**, eða 20,8% en af 259 lögreglumönnum voru 54 konur. Af 68 lögreglufulltrúum voru 13 konur eða 19,1%. Engin kona var starfandi sem yfirlögrylupjónn árið 2015.

Tafla 1. Fjöldi lögreglumanna þann 1. febrúar 2015, greint eftir kyni og starfsstigi.

Starfsstig	Karl	Kona	Samtals	Hlutfall karla	Hlutfall kvenna
Yfirlögrylupjónn	22	0	22	100,0%	0,0%
Aðstoðaryfirlögrylupjónn	22	2	24	91,7%	8,3%
Aðalvarðstjóri	36	2	38	94,7%	5,3%
Lögrylufulltrúi	55	13	68	80,9%	19,1%
Varðstjóri	124	7	131	94,7%	5,3%
Rannsóknarlögrylumaður	94	17	111	84,7%	15,3%
Lögrylumenn	205	54	259	79,2%	20,8%
Samtals	558	95	653	85,5%	14,5%
Héraðslögrylumaður	34	5	39	87,2%	12,8%
Afleysingarmaður	18	2	20	90,0%	10,0%
Samtals	610	102	712	85,7%	14,3%

Á mynd 2 má sjá hlutfall starfandi lögreglumanna, kyngreint, eftir embættum. Aðeins hjá einu embætti var engin kona starfandi, miðað við stöðuna 1.febrúar 2015. **Mest** var hlutfallið hjá embætti Héraðssaksóknara (32%) og embætti Lögreglustjórans á Vesturlandi (26%).



Mynd 2. Hlutfall starfandi lögreglumanna, kyngreint, eftir embættum.

Í töflu 2 má finna fjölda lögreglustjóra, kyngreint, miðað við stöðuna 1. febrúar 2015. Hlutfall kvenna meðal lögreglustjóra er 40%. Þá gegndi ein kona stöðu aðstoðarlögreglustjóra.

Tafla 2. Fjöldi lögreglustjóra³, eftir kyni.

Starfstíll	Karl	Kona	Samtals	Hlutfall karla	Hlutfall kvenna
Ríkislögreglustjóri	1	0	1	100,0%	0,0%
Lögreglustjóri/Skólastjóri	6	4	10	60,0%	40,0%
Aðstoðarlögreglustjóri	2	1	3	66,7%	33,3%
Samtals	9	5	14	64,3%	35,7%

Í töflu 3 má finna fjölda annarra starfsmanna innan lögreglunnar, kyngreint, miðað við stöðuna 1. febrúar 2015. Þar má sjá að mest er hlutfall kvenna, eftir starfstíli, meðal ræstinga (92,9%) og **meðal skrifstofufólks** (86,6%). Þá er hlutfall kvenna sem löglærður fulltrúi hærra en hlutfall karla eða 67,4%.

Tafla 3. Fjöldi annarra starfsmanna innan lögreglunnar, kyngreint, eftir starfstíli.

Starfstíll	Karl	Kona	Samtals	Hlutfall karla	Hlutfall kvenna
Sviðsstjóri/framkvæmdastjóri	1	1	2	50,0%	50,0%
Skrifstofustjóri/mannauðsstjóri	0	2	2	0,0%	100,0%
Deildarstjóri	2	1	3	66,7%	33,3%
Saksóknari	4	1	5	80,0%	20,0%
Aðstoðarsaksóknari	2	1	3	66,7%	33,3%
Saksóknarafulltrúi/Löglærður fulltrúi/Lögfræðingur	14	29	43	32,6%	67,4%
Sérfræðingur	24	21	45	53,3%	46,7%
Skrifstofumaður	9	58	67	13,4%	86,6%
Fangavörður	4	2	6	66,7%	33,3%
Ræsting	1	13	14	7,1%	92,9%
Landamæravörður	2	5	7	28,6%	71,4%
Umsjónarmaður	4	0	4	100,0%	0,0%
Samtals	67	134	201	33,3%	66,7%

³ Héraðssaksóknari, áður embætti Sérstaks saksóknara, er ekki talinn með.

3. Niðurstöður framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum lögreglunnar fyrir árið 2015

Af **12** lögregluembættum bárust upplýsingar frá **sjö** og fylgja svör þeirra hér fyrir neðan. Í þeim kemur m.a. fram að af þeim 39 starfsmönnum sem sátu í **yfirstjórn** þessara embætta, voru 4 konur (15,4%) á móti 33 körlum (84,6%) (tafla 4).

Af 544 lögreglumönnum voru 467 karlar í fullu starfi (85,8%) á móti 77 konum (14,2%). Aðeins fleiri konur meðal lögreglumanna voru í hlutastarfi eða 16 á móti 13 körlum. Meðal borgaralegra starfsmanna var **tæplega helmingur** karla (47,5%) og **rúmlega helmingur** kvenna (52,5%) í fullu starfi. **Svipaður** fjöldi karla og kvenna voru í hlutastarfi eða 13 karlar (44,8%) á móti 16 konum (55,2%) (tafla 5).

Ekki var **tilkynnt um neitt** tilvik eineltis eða kynferðislegrar áreitni á árinu 2015 skv. upplýsingum þessara embætta (tafla 6).

Tafla 4. Fjöldi karla og kvenna í yfirstjórn umræddra embætta, árið 2015.

	Karl	Kona	Samtals
Seta í yfirstjórn	33	6	39

Tafla 5. Starfshlutfall starfsmanna umræddra embætta, kyngreint, árið 2015.

	Karl	Kona	Samtals
Fullt starf- lögreglumenn	467	77	544
Hlutastarf- lögreglumenn	17	11	28
Fullt starf – starfsmenn	57	63	120
Hlutastarf - starfsmenn	13	16	29

Tafla 6. Fjöldi tilkynntra tilvika um einelti eða kynferðislega áreitni, umræddra embætta, árið 2015.

Tilkynnt tilvik um einelti	0
Tilkynnt tilvik um kynferðislega áreitni	0

4. Aðgerðaráætlun jafnréttismála 2015-2016

Aðgerðaráætlun í jafnréttismálum var gefin út í október 2015. Hér er að finna þær aðgerðir sem unnið var að:

- Vinna við feril um mannauðsmál í rafrænni upplýsingaöflun er enn í vinnslu í samvinnu við tengilið Fjársýslu ríkisins.
- Samræming fjölskyldu og vinnu. Jafnréttisnefnd lögreglunnar vinnur nú að því að senda frá sér tilmæli á alla lögreglustjóra um hvernig hugað er að samræmingu vinnu og fjölskyldu á vinnustað.
- Endurskoðun á siðareglum lögreglunnar lauk í febrúar 2016 og voru endurútfærðar og sendar á alla starfsmenn lögreglu í kjölfarið.
- Starfsþróun lögreglukvenna. Að beiðni innanríkisráðuneytisins voru lögregluembættin beðin um að skila aðgerðaráætlun um hvaða aðgerðir embættin hyggtast grípa til að styðja við konur meðal lögreglumanna í sinni starfsþróun. Sjá nánar í 5.kafli.

5. Starfsþróun kvenna meðal lögreglumanna

Í kjölfar úrskurðar kærunefndar jafnréttismála í máli 1/2015 taldi innanríkisráðuneytið mikilvægt að beina þeim tilmælum til lögregluembættanna að leiðbeina konum meðal lögreglumanna sérstaklega í sinni starfsþróun svo þær eigi aukin tækifæri á stjórnunarstöðum innan lögreglunnar og eins að líta sérstaklega til jafnréttissjónarmiða þegar sett er til afleysinga í stjórnendastöðum. Í kjölfarið óskaði ráðuneytið eftir því, í samráði við ríkislögreglustjóra, að lögregluembættin skiluðu inn til jafnréttisfulltrúa lögreglunnar áætlun um til hvaða aðgerða embættið hyggtast grípa. Í töflu sjö er að finna yfirlit yfir aðgerðir þeirra embætta sem skiluðu.

Tafla 7. Aðgerðaráætlun í tengslum við starfsþróun kvenna meðal lögreglumanna, eftir embættum.

Embætti	Markmið	Leiðir að markmiðum
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	Að fjölga konum í stjórnunarstöðum í lögreglu við embættið	Kynjasambætting ráðningaferla. Jafna hlutfall kynja við val í afleysingastöðum. Jafna hlutfall kynja sem sækja námskeið og taka þátt í nefndum og ráðum. Huga sérstaklega að starfsþróun lögreglukvenna í starfsmannasamtölum. Móta sértækar aðgerðir gagnvart konum sem koma úr fæðingarorlofi. Fylgja eftir árangursmælingum. Samstarf við RLS og IRR á sviði jafnréttismála og eftirfylgni við ákvarðanir.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra	Að hvetja lögreglukonur til að sækja sér frekari menntun og leita eftir viðtækari/ sértækari starfsreynslu til að styrkja þær í mögulegri starfsþróun.	Gera þeim kleift að sækja endumenntun og sértækari starfsreynslu. Hafa þetta sérstaklega í huga í starfssamtölum og flétta saman við starfsþróun lögreglukvenna við embættið. Einnig að skoða ráðningarferla með hliðsjón af þessu markmiði.
Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra	Að fjölga konum sem starfa sem lögreglumenn hjá embættinu	Skoða innviðina og reyna að höfða til kvenna meðal lögreglumanna, þá til að vinna hjá embættinu. Fá starfsmenn til að taka þátt í að finna út hvað hægt sé að gera betur og koma því í framkvæmd. Í auglýsingum eftir starfsmönnum verði höfðað til kvenna og tryggt, ef þær koma til starfa, að tryggð verði eftirfylgni við ráðningu þeirra.
Lögreglustjórinn á Vesturlandi	Að geta betur skipulagt og þróað skilning á ráðningarferli út frá sjónarmiðum um jafnrétti og ákvæðum jafnréttislaga.	Efla þekkingu þeirra sem koma að mannaáráðningum með námskeiðshaldi í umsjón sjálfstætt starfandi kynjafræðings.
Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	Að fjölga lögreglukonum hjá embættinu.	Í auglýsingum verði konur sérstaklega hvattar til að sækja um sem og í almennum fyrirspurnum þeirra um starf hjá lögreglu.
Ríkislögreglustjóri	Að auka þekkingu og skilning á ráðningarferlinu og kynjuðum viddum þess og á árangursmælingum í jafnréttisstarfi.	Starfsmenn embættis ríkislögreglustjóra sem koma að ráðningum sátu námskeið sem fól meðal annars í sér að rýna og endurskoða ráðningarferla embættisins þar sem hugað er að kynjasambættingu og kyngreiningu gagna allan ráðningarferillinn.
Héraðssaksóknari	Að hlutfall karla og kvenna meðal lögreglumanna sem sækja endurmenntun/námskeið sé sem jafnast eða 60/40.	Að endurskoða endurmenntunaráætlun fyrir embættið og verklag um starfsmannasamtöl þar sem sérstaklega er hugað að gerð starfsþróunaráætlana.

6. Fagráð lögreglunnar

Fagráð lögreglunnar er ráð óháðra aðila sem hefur það hlutverk að taka við, meta, fylgja eftir og koma í viðeigandi farveg tilkynningum sem ráðinu berast sem varða beina og óbeina mismunun, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, kynbundið ofbeldi eða einelti innan lögreglunnar og tryggja að þær fái viðhlítandi málsferð samkvæmt verklagsreglum fagráðs og landslaga. Á árinu 2015 bárust fagráðinu ein tilkynning sem enn var í vinnslu það sama ár.

Tafla 8. Fjöldi tilkynntra mála til fagráðs lögreglunnar, árið 2015.

Tilkynnt mál	Fjöldi
Í vinnslu	1
Samtals	1

7. Fundir, námskeið og rannsóknir

Jafnréttisnefnd lögreglunnar hélt einn fund árið 2015 og í október hitti nefndin jafnréttisfulltrúa embættanna á sínum árlega fundi. Á fundinum var m.a. farið yfir aðgerðaráætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2015-2016, fengin stutt kynning á fyrirkomulagi og hlutverki fagráðs lögreglunnar auk fyrirlestrar um jafnrétti. Árið 2015 sótti embætti ríkislögreglustjóra í samvinnu við Lögreglustjóran á höfuðborgarsvæðinu og innanríkisráðuneytið styrk úr Jafnréttisjóð Íslands. Vorið 2015 var haldið námskeið fyrir stjórnendur innan lögreglunnar um vitundarvakningu um einelti á vinnustað en umsjón námskeiðsins var í höndum jafnréttisfulltrúa lögreglunnar, Lögregluskóla Ríkisins og mannauðsráðgjafafyrirtækisins Hugtaks. Þá var á árinu 2015 boðið uppá fræðslufyrirlestur í öll lögregluembættin um m.a. góð samskipti á vinnustað, einelti og áreitni og jafnréttisfulltrúi lögreglunnar sat árlegt jafnréttisþing.

8. Næstu skref í jafnréttismálum lögreglunnar

Jafnréttisfulltrúi lögreglunnar, ásamt jafnréttisnefnd lögreglunnar og jafnréttisfulltrúum embættanna munu áfram vinna að því að jafna hlut karla og kvenna innan lögreglunnar og efla til frekari rannsókna á stöðu jafnréttismála innan lögreglunnar.

Viðauki I: Jafnréttisfulltrúar embættanna 2015

Lögregluskóli ríkisins

Birna Guðmundsdóttir

Lögreglustjórinn á Austurlandi

Sigfríð M. Bjarnadóttir

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

Kristján Kristjánsson

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra

Kristján Þorbjörnsson

Lögreglustjórinn á Suðurlandi

Elín Jóhannsdóttir

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Vilhjálmur Reyrr Þórhallsson

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

Gylfi Þór Gíslason

Lögreglustjórinn á Vesturlandi

Þórir Björgvinsson

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Margrét Þóra Guðmundsdóttir

Ríkislögreglustjórinn

Katrín Salima Dögg Ólafsdóttir

Héraðssaksóknari

Hlín Þórhallsdóttir

Vestmannaeyjar

Jón Bragi Arnarson